

FR Á S Ö G N

af 137. þingi Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og tengdum fundum í Pétursborg 14.–18. október 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar IPU sótti fundinn Birgitta Jónsdóttir varaformaður auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Helstu mál á dagskrá voru ályktun um fjölbreytileika mannlífs í tilefni af 20 ára afmæli alþjóðlegrar yfirlýsingar um lýðræði (*Universal Declaration on Democracy*). Jafnframt fór fram almenn umræða um hvernig efla mætti menningarlega fjölhyggju og frið með samræðum um trúarleg og þjóðfræðileg ágreiningsefni. Þá fór fram utandagskrárumræða um hvernig binda mætti enda á alvarlegt hættuástand, ofsóknir og árásir á Róhingja og tryggja að þeir gætu snúið öryggir til heimalands síns Mjanmar. Enn fremur var haldinn kvennafundur dagana 14. og 16. október í tengslum við þingið þar sem m.a. var rætt um stöðu kvenna í þjóðþingum heims. Um 1.876 þátttakendur sóttu þingið, þar af um 829 þingmenn (249 þingkonur) frá 155 ríkjum, 82 þingforsetar og 65 varaþingforsetar. Er þetta fjölmennasta þing IPU sem haldið hefur verið frá upphafi.

Tólflús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Á þeim fundum var farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt var, auk þess sem valdir voru fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU. Fulltrúar Tólflús-hópsins í framkvæmdastjórn og stýrihópum IPU kynntu helstu niðurstöður síðustu funda stjórnarinnar og fundar stjórnarnefndar.

Sérstök nefnd um mannréttindi þingmanna gegnir veigamiklu hlutverki innan IPU og eru þingmenn kosnir til fimm ára setu í nefndinni. Birgitta Jónsdóttir var valin sem annar tveggja fulltrúa Tólflús-hópsins í nefndina á þingfundi 5. apríl sl. og tók þátt í störfum hennar. Nefndin gefur út viðamikla skýrslu fyrir hvert þing. Á grundvelli skýrslunnar samþykkir ráð IPU fjölmargar ályktanir um mannréttindabrot gegn þingmönnum. Nefndin vinnur mikið starf á milli þinga þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannhvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi lönd, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til niðurstaða fæst. Mál Birgittu gegn bandaríska ríkinu var til umræðu hjá nefndinni frá febrúar 2011 og var ályktun á grundvelli málsins samþykkt á ráðsfundi á haustþingi samtakanna 2011.

Átta tillögur að neyðarályktun voru lagðar fram við upphaf þingsins. Aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Fyrir valinu varð sameiginleg tillaga Marokkó, Indónesíu, Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Banglades, Kúvæt, Írans, Súdans og Tyrklands um hvernig binda mætti enda á alvarlegt hættuástand, ofsóknir og árásir á Róhingja og tryggja að þeir gætu snúið öryggir til heimalands síns Mjanmar. Ályktun þingsins endurspegladi kjarna umræðunnar og var hún samþykkt samhljóða.

Almenn umræða fór fram um pólitískt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum og var sjónum beint að því hvernig efla megi menningarlega fjölhyggju (*pluralism*) og frið í gegnum trúarlega og þjóðfræðilega umræðu. Birgitta tók þátt í umræðunum fyrir hönd Íslandsdeildar. Birgitta lagði í ræðu sinni áherslu á að aðgreining milli landa og landfræðihópa væri ekki það sem við ættum að horfa til þegar unnið væri að friði í heiminum enda hafi það ekki borið árangur fram að þessu. Heldur ætti að horfa til þess að við værum öll mannsbörn og bærum ábyrgð sem slík þvert á landamæri og manngerðar átakalínur.

Við lok almennrar umræðu samþykkti þingið yfirlýsingu þar sem helstu áhersluatriði umræðunnar voru dregin saman. Lögð var áhersla á að koma þurfti í veg fyrir umburðarleysi, vantraust og ofbeldi. Í yfirlýsingunni er kallað eftir auknu gagnsæi, ábyrgð og virðingu fyrir mannréttindum og lögum sem nauðsynlegum grunni fyrir sjálfbær og fjölbreytt samfélög. Þá var lög áhersla á nauðsyn þess að koma í veg fyrir mismunun og mannréttindabrot í tengslum við trú

eða þjóðaruppruna og skapa grundvöll fyrir fjölmennningarleg samfélög, bæta menntun og styrkja þjóðþing.

Saber Chowdhury, forseti IPU, hélt erindi á lokadegi þingsins þar sem hann fjallaði um mikilvægi þess að aðildarríki IPU hefði það að sameiginlegu markmiði að efla umburðarlyndi, berjast gegn hatursorðræðu (*hate speech*) og stuðla að friði. „Við erum hér saman komin til að tala fyrir mikilvægi lýðræðis, réttlætis og jafnréttis.“ Þá sagði hann fulltrúa IPU vera heiminum innblástur þar sem þeir ynnu saman að markmiðum samtakanna, óháð kynþætti, kyni, stjórnmálaskoðun eða kynheigð. Enn fremur fóru fram umræður um málefni Sameinuðu þjóðanna, öryggismál í netheimum, útbreiðslu kjarnorkuvopna og aðkomu einkageirans að aukningu endurnýtanlegra orkugjafa.

Fastanefndirnar tóku fyrirframákveðin mál til umfjöllunar. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, fóru fram umræður um hlutverk þjóðþinga við að hafa eftirlit með aðgerðum vopnaðs herafra þjóðþinga sem tekur þátt í friðargæsluverkefnum Sameinuðu þjóðanna. Einnig voru pallborðsumræður um innleiðingu fyrri ályktana IPU um öryggismál í Netheimum (*cyber warfare*). Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun og efnahags- og viðskiptamál, fór fram umræða um hvernig virkja mætti einkageirann við innleiðingu þróunarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, með sérstakir áherslu á endurnýtanlega orku. Einnig fór fram pallborðsumræður um notkun vísinda og rannsókna til að efla heilsuverndar.

Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, var samþykkt ályktun tileinkuð 20 ára afmæli alþjóðlegrar yfirlýsingar um lýðræði með áherslu á fjölbreytni mannlífsins. Ályktunin ítrekar megin áhersluatriði yfirlýsingarinnar, þar með talið jafnrétti kynjanna, sjálfstæði dómstóla, frjálsar og sanngjarnar kosningar, sjálfstæði og frelsi fjölmiðla og verndun réttinda minnihlutahópa í samfélögum.

Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Fjögur ný aðildarríki voru boðin velkomin til starfa og eru þau Úsbekistan, Túrkménistan, Vanúatú og Marshall-eyjar. Aðildarríki IPU eru nú 178 talsins. Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir árin 2017 og 2018 og hún samþykkt auk þess sem yfirlit yfir skipulagða fundi var kynnt. Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot á mannréttindum þingmanna og samþykkti ráðið ályktanir á grundvelli þeirra.

Þá var nýr forseti IPU kosinn og voru tveir kandídatar í framboði og bar mexíkóska þingkonan Cuevas Barrón sigur úr bitum með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Barrón tekur við forsæti til þriggja ára af Saber Chowdhury frá Bangladess sem var gerður að heiðursforseta IPU við þinglok. Var þetta söguleg kosning fyrir þær sakir að í fyrsta sinn voru tvær konur í framboði. Cuevas Barrón sagði það mikinn heiður að feta í fótspor Chowdhury og að hún mundi halda áfram með þau góðu verkefni sem hann var byrjaður á og stefna að auknum alþjóðlegum áhrifum IPU í forsetatíð sinni.

Næsta þing IPU verður haldið í Genf 24. - 28. mars 2018. Frekari upplýsingar má nálgast á nefndasviði og á vefsvæðinu <http://www.ipu.org/>.